

Opið hús 11. febrúar 2012**Fella– og Hólakirkja í Breiðholti**

Opið hús verður hjá FÁT laugardaginn 11. febrúar 2012 milli kl. 10 og 12. Ingibjörg Ágústsdóttir frá Stykkishólmi mun sýna og segja frá skurðverkum sem hún hefur gert og þar sem hún leggur einnig mikla áherslu á málun. Fjölmennum og tókum með okkur gesti

Útsending Brýnis á netinu

Aðalfundur FÁT ákvað að útsending á Brýninu verði þannig að þeir sem eru með tölvupóst fá það sent sem PDF-skjal nema þeir biðji sérstaklega um að fá það í pósti. Póstburðargjald hefur verið eitt af stærri útgjaldaliðum félagsins og þetta er því viðleitni til að lækka kostnað og geta þá frekar beint fjármagni í annað. Þeir sem ekki hafa netfang fá Brýnið sent í pósti.

Rumerio—Ítalski skurðmeistarinn er væntanlegur

Rumerio, sem margir þekkja og hafa farið á námskeið hjá er væntanlegur með námskeið 2. til 6. apríl. Jón Adólf er umsjónamaður með komu Rumerio og best að hringja í hann í síma 896 6234

Dagskrá FÁT fram á vor

Opið hús 11. febrúar - Fella og Hólakirkju : Ingibjörg Ásgeirsdóttir segir frá
Vinnustund fimmtudag 23. febrúar 2012 Hólshraun 5 HF. KL. 20—22
Opið hús 10. mars 2012 (ekki ákveðið með efnistökö)
Vinnustund fimmtudag 29. mars 2012 Hólshraun 5 HF. KL. 20—22
Vorsýning Gerðubergi 14. og 15. apríl
Vorferð áætluð um Borgarfjörð 20. maí

Árgjaldið

Nú fer að stytast í innheimtu félagsgjaldsins sem er óbreytt frá því í fyrra kr. 2.500,-

Þeir félagsmenn sem ekki hafa greitt félagsgjald síðustu tvö árin munu ekki fá Brýnið sent. Þó nokkur kostnaður fylgir því að útbúa og senda Brýnið og því verðum við að grípa til þessara ráðstafana.

Brýnið

Fréttabréf Félags áhugamanna um tréskurð
1. tbl. 17. árgangur 2012

**Frá formanni**

Tíminn flýgur áfram og aðalfundurinn er eins og minning gærdagsins. Á aðalfundi voru samþykktar breytingar á lögum félagsins og þau aðlöguð að nútímanum með því að bæta við í grein um boðun aðalfundar. Einnig að fækka um einn í aðalstjórn félagsins, þ.e. í fimm manna stjórn. Á heimasíðu FÁT má sjá ný lög sem samykkt voru. Einnig voru samykkt lög um nýjan sjóð til minningar um tréskera. Sjóðnum, sem í upphafi verður 200 þúsund króna framlag félagsins, verður ávaxtaður eftir bestu getu og vaxtatekjur nýttar til að kaupa vinnuteikningar. 2-3 ár líði milli úthlutunar. Ný stjórn var kosin og var undirritaður kosinn áfram formaður en aðrir kosnir saman og hafa þegar skipt með sér verkum: Páll S. Eliasson gjaldkeri, Björn Bergsson ritari og meðstjórnendur Anna Lilja Jónsdóttir og Örn Ragnarsson. Jafnvægi er að komast á fjármálin og bjartara framundan þó tekjur félagsins séu ekki miklar. Árgjald verður óbreytt (2,500,-).

Sigríður Sigurðardóttir kom á opið hús í desember og veitti okkur innsýn í nám og störf í London. Mjög ánægjulegur fundur og nánar um það inni í Brýninu.

Nú þegar þetta er ritað er þegar fullbókað í tvö brýningarnámskeið á vegum félagsins sem Bjarni Þór Kristjánsson kennir. Námskeið þessi eru stutt (2 klst) og virkilega þess virði að fara á eitt slíkt því “slæmt bit er ekkert vit”. Ljóst er að félagið þarf að leggja nokkra áherslu á námskeið sem eru stutt og hnitmiðuð og eru ábendingar um efni vel þegnar.

Næst á dagskrá er opið hús sem verður í kennslustofu Fella– og Hólakirkju og þar mun Ingibjörg Ágústsdóttir sýna okkur og fjalla um tréskurð þar sem áhersla er á málun. Í mars verður síðan aftur opið hús en ekki er orðið fastmótað með efnistökö þá. Vinnustund verður síðasta fimmtudag febrúar og mars. Vorsýning í apríl og vorferð í maí.

Smátt og smátt eru að bætast við vinnuteikningar sem félagar geta sótt í og keypt ljósrit gegn vægu gjaldi. Ef þið eigið teikningar sem félagið getur fengið væri það vel þegið. Teikningarnar þurfa ekki að vera fullkomnar en þó nothæfar. Við teikum þær gjarnan upp og höfum þær hjá félaginu í A4 stærð sem síðan er hægt að stækka eða minnka.

Aðalfundurinn var ekki fjölmennur, en stefnumarkandi fyrir starfssemi ársins. Mikilvægt að fá frá ykkur ábendingar og óskir, á aðalfund eða utan hans, til að styðja og styrkja okkur og gera félagið að þeim vettvangi sem óskir okkar standa til.

Megi vorið verða ykkur skurðvænt.

Með bestu kveðjum, Sigurjón

Aðalfundur FÁT 19. nóvember 2011



Aðalfundur FÁT var haldinn í húsnæði Heimilisíðnaðarfélagsins laugardaginn 19. nóvember 2011.

Venjuleg aðalfundarstörf voru og lagabreytingar. Ný stjórn var kosin og samþykkt lög um minningarsjóð um tréskera sem ætlað er það hlutverk að efla vinnuteikningaæign félagsins. Ný lög félagsins og lög um minningarsjóðinn má sjá inni á heimasíðu félagsins.

5. grein “Aðalfund skal halda..... Skal hann boðaður bréflega eða með tölvupósti....”
Einnig bættist við setningin “**Tillögur um lagabreytingar skulu fylgja aðalfundarboði**”

6. grein “Stjórn félagsins skipa 5 manns....” (var 6 manns).



Sigríður Sigurðardóttir

Á opnu húsi 17. desember fengum við góða heimsókn. Sigríður stundaði nám og útskrifaðist eftir þriggja ára háskólanám sem tréskeri og í gyllingu frá The City and Guilds of London Art School í London. Hún býr og starfar þar áfram.

Sigríður sagði okkur frá námsferli sínum bæði hér heima og erlendis.

Eins og sést hér á myndum kom hún með nokkur skurðverk til að leyfa okkur að skoða og svaraði fyrirspurnum eftir erindi sitt.

Ekki er langt síðan opið hús hjá félaginu var helgað umræðu um menntun og kennslu tréskurðarfólks. Hvaða leiðir væru færar og hvert ætti að stefna. Fram kom vandi hvað varðar þá sem vilja bæta við sig og fullnema sig í þessari list. Það var því ánægjulegt að fá innsýn í námsferil Sigríðar og hægt að benda áhugasömum tréskerum á þetta nám. Sigga á Grund stundaði einnig nám við skólann 1995.



Brýnið

Fréttabréf Félags áhugamanna um tréskurð
Hólshraun 5 220 Hafnarfjörður
Netfang: silo@mmedia.is
Heimasíða: treskurdur.muna.is
Ritstjórn er stjórn félagsins